



Áhugakönnun fræðslunefndar Funa  
2011


## Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Niðurstöður .....	2
Spurning 1. Hversu ánægð/ur ertu með störf fræðslunefndar Funa? .....	2
Spurning 2. Hversu ánægð/ur eða óánægður ertu með fræðslufyrirlestra fræðslunefndar Funa? ....	3
Spurning 3. Finnst þér fræðslunefnd Funa þurfa gera breytingar á starfsemi sinni? .....	3
Spurning 4. Hversu hárrí upphæð ertu tilbúin(n) til að verja fyrir eina manneskju í námskeið á vegum Funa á einu ári? .....	4
Spurning 5. Hversu mikilvægt telur þú að Funi taki þátt í niðurgreiðslu námskeiðakostnaðar félagsmanna? .....	5
Spurning 6. Hversu mikilvægt telur þú að fræðslunefnd Funa starfi með fræðslunefndum nágretta félaganna? .....	6
Spurning 7. Hversu mikilvægt finnst þér að fræðslunefnd Funa standi fyrir námskeiðum á félagssvæði Funa þ.e. á Melgerðismelum? .....	7
Spurning 8. Kyn? .....	8
Spurning 9. Aldur? .....	9

## Inngangur

Áhugakönnun fræðslunefndar fór fram í byrjun janúar 2012. Í nóvember 2011 var sendur póstur á stjórn og aðrar nefndir Funa og þeim boðin þátttaka í könnuninni. Hvorki stjórn né aðrar nefndir þáðu boð um þátttöku. Könnunin fór því eingöngu fram að hálfu fræðslunefndar og miðast við hennar störf.

Alls svöruðu 16 manns könnuninni sem var send út í tölvupósti og auglýst á [heimasíðu](#) Funa. Heldur fleiri konur svöruðu könnuninni eða alls 56% á móti 44% karla. Hlutföllum kynjanna var öfugt farið árið 2010 eins og má sjá á mynd 1.



Mynd 1

Alls voru lagðar fyrir 7 spurningar og spurt var um breyturnar kyn og aldur.

Spurningalistinn er sem hér segir:


- Hversu ánægð(ur) ertu með störf fræðslunefndar Funa?
- Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með fræðslufyrirlestra fræðslunefndar Funa?
- Finnst þér að fræðslunefnd Funa þurfi að gera breytingar á starfsemi sinni?
- Hversu hárrí upphæð ertu tilbúin(n) til að verja fyrir eina manneskju í námskeið á vegum Funa á einu ári?
- Hversu mikilvægt telur þú að Funi taki þátt í niðurgreiðslu námskeiðakostnaðar félagsmanna?
- Hversu mikilvægt telur þú að fræðslunefnd Funa starfi með fræðslunefndum nágrannafélaganna?
- Hversu mikilvægt finnst þér að fræðslunefnd Funa standi fyrir námskeiðum á félagssvæði Funa þ.e. á Melgerðismelum ?
- Kyn
- Aldur í árum

## Niðurstöður

Hér á eftir verða niðurstöður hvernar spurningar fyrir sig teknar saman ásamt samanburði við niðurstöður könnunarinnar frá 2010 eftir því sem við á.


### Spurning 1. Hversu ánægð/ur ertu með störf fræðslunefndar Funa?

Helmingur svarenda er mjög ánægður með störf fræðslunefndar og aðeins 6% sem voru hvorki ánægð né óánægð með störf fræðslunefndar, nánari sundurliðun má sjá á mynd 2.



Mynd 2


Ánægja svarenda hefur aukist á árinu en breytinguna á milli áráanna 2010 og 2011 má sjá á mynd 3.



Mynd 3

## Spurning 2. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með fræðslufyrirlestra fræðslunefndar Funa?


Tæp 90% svarenda eru mjög ánægð eða frekar ánægð með fræðslufyrirlestra Funa og enginn óánægð(ur), sjá mynd 4.



Mynd 4

## Spurning 3. Finnst þér fræðslunefnd Funa þurfa gera breytingar á starfsemi sinni?

Yfir 80% svarenda finnst starfsemi fræðslunefndar fín eins og hún er, sjá mynd 5.




#### Mynd 5

Tæp 20% gerðu eftirfarandi athugasemdir

- Gera endilega meira fyrir lengra komna.
- Alltaf er hægt að gera betur en það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að ætlast til af fólki í frjálsu félagsstarfi í sjálfboðavinnu. Reglubundin starfsemi er mikilvæg. Etv. mætti skoða samstarf t.d. við Létti um kostnaðarsamari fræðslu stöku sinnum og fá þá dýrari fyrirlesara sem koma lengra að.
- Gott með fyrirlestrana en mættu vera annan hvorn mánuð í stað þess að vera mánaðarlega.
- Meira verklegt ef hægt er og auka samstarf við Létti.

#### Spurning 4. Hversu hárrí upphæð ertu tilbúin(n) til að verja fyrir eina manneskju í námskeið á vegum Funa á einu ári?

Flestir svarenda eða 25% eru tilbúin til að verja 20.000 kr. til 30.000 kr. á ári í námskeið fyrir eina manneskju. Sama hlutfall svarenda gáfu ekki upp ákveðna upphæð og má álykta að greiðsluvilji og eða greiðslugeta sé mjög mismunandi milli svarenda. Nánari útlistun má sjá á mynd 6.




#### Mynd 6

Tveir svarenda komu fram með eftirfarandi athugasemdir með spurningu 4.


- Þetta er afstætt. Það mætti styrkja einstaklinga umtalsvert (20-60 þús.) til að sækja sértæk námskeið en annars t.d. 500 kr pr. þátttakenda á almenn námskeið.
- Ætti að vera samstarf stjórnar og æskul.nefndar með fræðslunefnd

**Spurning 5. Hversu mikilvægt telur þú að Funi taki þátt í niðurgreiðslu námskeiðakostnaðar félagsmanna?**

Tæp 70% svarenda telja mjög mikilvægt eða frekar mikilvægt að Funi taki þátt í niðurgreiðslu námskeiðskostnaðar félagsmanna á móti ríflega 40% árið 2010. Nánari sundurliðun má sjá á myndum 7 og 8.




Mynd 7




Mynd 8

### Spurning 6. Hversu mikilvægt telur þú að fræðslunefnd Funa starfi með fræðslunefndum nágranna félaganna?

Tæp 70% svarenda telja það ýmist mjög mikilvægt eða frekar mikilvægt að fræðslunefnd Funa starfi með fræðslunefndum nágranna félaganna. Heldur fleiri svarendur töldu þennan þátt mikilvægan árið 2010, nánari útlístun má sjá á myndum 9 og 10.



Mynd 9




Mynd 10



### Spurning 7. Hversu mikilvægt finnst þér að fræðslunefnd Funa standi fyrir námskeiðum á félagssvæði Funa þ.e. á Melgerðismelum?


Meirihluta svarenda þykir það ýmist mjög mikilvægt eða frekar mikilvægt að staðið verði fyrir námskeiðum á félagssvæði Funa. Sjá nánari sundurliðun á svörun á mynd 11.




Mynd 11

### Spurning 8. Kyn?

Spurt var um breytur kyn og aldur. Alls svöruðu sjö karlar og níu konur könnuninni í ár en árið 2010 var kynjahlutfallið níu karlar og sjö konur. Sjá nánar á myndum 12 og 13.




Mynd 12



Mynd 13

### Spurning 9. Aldur?

Á mynd 14 má sjá aldursdreifingu svarenda.



### Fræðslunefnd Funa 2011

Formaður - Edda Kamilla Örnólfsdóttir  
 Jón Elvar Hörleifsson  
 Kristín Thorberg  
 Þorsteinn Egilson

Þessi könnun er unnin af Eddu Kamillu Örnólfsdóttur. Um yfirlestur sá Þorsteinn Egilson.